# Cadences of Line and Colour

For centuries artists have dreamt of making a “colour organ”, a machine that could be played like a musical instrument but that would emit coloured light and even shapes instead of sounds, creating a visual experience akin to listening to a musical composition. Early in the twentieth century, when artists began to paint abstract works, they also looked to musical aesthetics. Music was the purest art form, with no obligation to show pictures or tell stories, existing entirely on its own terms. Abstract art needed new rules since the traditional methods of construction and perspective no longer applied. Artists began to speak of the cadences of line and colour, and even to base their works on musical forms such as the fugue, cantata or sonata. As Þlm began to gain ground, many imagined that this would be the ideal medium to realise the dream of bringing abstract images to life, letting shapes and lines þow in time, rising and falling rhythmically like music. An idea was born about a uniÞed art form – the idea of visual music, which is the subject of the current exhibition – and in the century that has passed this idea has spread and þowered.

Abstraction spread rapidly throughout the Western world. The Swedish artist Viking Eggeling (1880–1925), who had participated in the modernist revolution in Paris and in the Dada performances of the Cabaret Voltaire in Zurich, began to experiment with abstract Þlm at the beginning of the 1920s. His 1924 Þlm *Symphonie diagonale,* included here in the exhibition, marked a turning point in the history of experimental Þlm and visual music. Around 1920 the dream of the colour organ also came true when the Dane Thomas Wilfred (1989–1968) created the Clavilux and held his Þrst “concert” in New York; the conductor Leopold Stokowski was in the audience. The outcome was a free and abstract play of light in the spirit of abstract expressionism, and Wilfred’s *lumia* pieces were shown along with the paintings of Pollock, Rothko and Willem de Kooning at MoMA, in New York, in 1951. One of his lumia pieces can be seen in the exhibition in Hafnarhús.

Viking Eggeling died only two weeks after premiering his Þrst Þlm, but German-American artist Oskar Fischinger (1900–1967) and others continued to work on abstract Þlm. Gradually, new technologies offered them more tools for expression – Þrst sound and then colour. Among those who picked up the baton from the pioneers were the American brothers John Whitney (1917–1995) and James Whitney (1921–1982), and their piece *Film Exercise #4* from 1944 can also be seen in the exhibition.

John Whitney also became one of the Þrst to make use of electronic and computer technology in 1961, something that was to revolutionise the Þeld of visual music. Among the younger artists who explored the possibilities of these new tools was the American Stephen Beck (b. 1950), and the exhibition includes two of his pieces from 1971–72. While Beck was working on these pieces, Jeremy Blake (1971–2007) was born. Blake was later to play a role in introducing new generations to visual music at the beginning of the twenty-Þrst century, both in his museum exhibitions and through his collaborations with Þlmmakers and popular musicians. His visual music works were selected for the Whitney Biennial three times in a row (2000, 2002 and 2004). Blake, too, is represented in the exhibition. In addition, the exhibition features prize-winning works from the very Þrst visual music festival in Iceland, held in the Harpa concert hall in late January and early February of this year.

Some time passed before young artists in Iceland began to work in this Þeld, more due to a lack of equipment than of interest. The idea was eventually introduced by teachers at the art school in Rekyjavík and a few students decided to pursue it in their continuing studies abroad – only a few at Þrst but then more and more. Today, works of this kind are an important part of artistic production in Iceland. Three Þlm or video works by Icelandic artists are included in the exhibition. One, a piece by Finnbjörn Finnbjörnsson (b. 1957), *Innsýn (Insight)* (1984), was made on Þlm, with music by Ingemar Fridell. The other two are more recent. Dodda Maggý (b. 1981) presents the computer-generated piece *DeCore (aurae)* (2012), which has no sound but þowers forth like a musical composition, based on fractal geometry. The third work, by the artist Sigurður Guðjónsson (b. 1975) and composer Anna Þorvaldsdóttir (b. 1977), is a good example of the creative merging of visual art and music. Together, Sigurður and Anna create an all-encompassing environment in which music and moving images create a dreamy and enchanting experience. The work was commissioned by the Reykjavik Center for Visual Music and premiered at the Reykjavik Visual Music – Punto y Raya Festival in Harpa.

Finally, in a smaller gallery, the idea of the coming together of music and visual art is brieþy traced through the works of Icelandic artists from the 1920s onward. This part of the exhibition has no moving images and only one work that makes any sound at all, by Finnbogi Pétursson (b. 1959). When Finnur Jónsson (1892–1993) became the Þrst to exhibit abstract works in Iceland in 1925, the response was unsympathetic and few seemed to understand this new aesthetic. When Svavar Guðnason (1909–1988) returned home from Denmark twenty years later with a large exhibition of abstract paintings, he and his friends seem to have worried that Icelanders still might not know how to receive these unusual paintings, and an essay in the catalogue suggests that the viewer "look at them as though he was listening to music". Here, at the beginning of the period when abstraction Þnally took root in Iceland, we have the old idea of visual art based on musical aesthetics, pure and freed from the world of things and images. Yet we see that it was not only the abstract artists who had music in mind when they created their art: a canvas by the master painter Jóhannes S. Kjarval (1885–1972) shows a piano player looking over his shoulder at a lava-covered landscape, playing as if reading from a musical score.

When an understanding of the close relationship of these forms of artistic expression is awakened, we can Þnd it in the most unexpected places. The idea of visual music has very deep roots and as this exhibition suggests it has proven a fertile source of new artistic creativity.

***

The exhibition is organized in collaboration with the Reykjavik Center for Visual Music and will open in conjunction with the inaugural Reykjavik Visual Music – Punto y Raya Festival, which will be held at the Harpa concert hall from January 30–February 2, 2014. The new work by Sigurður Guðjónsson and Anna Þorvaldsdóttir was commissioned speciÞcally for the festival by the Reykjavik Center for Visual Music. The exhibition and the festival are funded by Friðrik Steinn Kristjánsson through the Silfurberg Art Fund.

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum

Hafnarhús

Dodda Maggý, DeCore (aurae), 2012.

# Hljómfall litar og línu
# Cadences of Line and Colour



listasafnreykjavikur.is

**1.2. – 13.4. 2014**

# Hljómfall litar og línu

Um aldir hefur listamenn dreymt um að búa til eins konar litaorgel, tæki sem hægt væri að spila á eins og hljóðfæri en varpaði upp litum og jafnvel formum í stað þess að gefa frá sér tóna. Með slíku tæki yrði hægt að skapa sjónræna upplifun sem svipaði til þess að hlusta á tónverk. Þegar myndlistarmenn fóru svo að þreifa sig áfram með abstraktmyndir snemma á tuttugustu öld leituðu þeir gjarnan fyrirmynda í fagurfræði tónlistar. Tónlist, hugsuðu menn, er tærasta listformið og óbundin hlutveruleikanum því að hún snýst ekki um að sýna myndir af einhverju eða segja sögur heldur liÞr hún algjörlega á eigin forsendum. Í abstrakt myndlist þurfti að Þnna nýjar leiðir til að skipuleggja myndþötinn því að í óhlutbundnum myndheimi gilti ekki lengur hefðbundin uppröðun hluta og fjarvíddarteikning. Farið var að tala um hljómfall litar og línu og myndlistarmenn fóru jafnvel að byggja verk sín á tónsmíðaformum eins og fúgu, kantötu og sónötu. Þegar hin nýja kvikmyndalist fór að sækja á þóttust margir sjá að þar væri kominn rétti miðillinn til að gera þennan draum að veruleika: Að búa til abstraktmyndir með formum og línum sem lifðu í tíma, liðu áfram, risu og hnigu, umbreyttust og teiknuðust fram eins og tónverk. Á þessum árum varð til hugmynd um samþættingu myndlistar og tónlistar sem hefur spunnist áfram og orðið að mikilvægum þræði í þókinni listþróun síðustu hundrað ára: Hugmyndin um sjónræna tónlist sem er viðfangsefni þessarar sýningar.

Abstraktlistin breiddist hratt út og á fáum árum vann hún sér forvígismenn meðal nær allra vestrænna þjóða. Sænski listamaðurinn Viking Eggeling (1880–1925), sem hafði verið í miðri deiglu módernismans í París og þáttakandi í dada-gjörningum í Cabaret Voltaire í Zürich, fór að gera tilraunir með abstrakt kvikmyndir í byrjun þriðja áratugarins. Mynd hans *Skáhöll sinfónía* (*Symphonie diagonale*) frá 1924, sem sjá má á sýningunni, olli straumhvörfum í sögu tilraunakvikmynda og sjónrænnar tónlistar. Um 1920 varð draumurinn um litaorgelið líka að veruleika þegar Daninn Thomas Wilfred (1889–1968) smíðaði tæki sem hann kallaði Clavilux og þutti fyrstu „litatónleika" sína í New York; meðal áhorfenda var hljómsveitarstjórinn Leopold Stokowski. Útkoman var frjálsleg abstrakt ljósaverk í anda abstrakt-expressjónismans enda voru lumia-verk Wilfreds m.a. sýnd með málverkum eftir Pollock, Rothko og Willem de Kooning í nútímalistasafninu í New York árið 1951. Eitt af lumia-verkum Wilfreds má sjá á sýningunni í Hafnarhúsi í vídeóútgáfu.

Viking Eggeling dó aðeins tveimur vikum eftir að hafa frumsýnt fyrstu mynd sína en Þýsk-bandaríski listamaðurinn Oskar Fischinger (1900–1967) og aðrir þróuðu abstraktkvikmyndina áfram. Smám saman opnuðust þeiri tjáningarmöguleikar fyrir þessa nýju listgrein, fyrst hljóð (sem gerði það kleift að myndlist og tónlist gætu runnið saman í einu abstraktverki) og svo litur. Listamennirnir gátu líka nýtt sér framfarir sem urðu við gerð teiknimynda til að vinna sífellt þóknari og metnaðarfyllri verk. Raunar voru sumir þeirra frumkvöðlar við að þróa þá tækni áfram, t.d. Fischinger sem vann verkefni í Hollywood fyrir Disney og þeiri kvikmyndafyrirtæki. Meðal þeirra sem tóku við keÞinu af frumkvöðlunum voru bandarísku bræðurnir John Withney (1917–1995) og James Withney (1921–1982) og er verk þeirra *Film Exercise #4* frá 1944 á sýningunni.

John Withney varð líka einn af þeim fyrstu til að nýta sér rafeinda- og tölvutækni árið 1961 og er óhætt að segja að með tilkomu þeirrar tækni haÞ orðið bylting í sögu

sjónrænnar tónlistar. Einn af þeim sem fóru snemma að nýta sér þessa nýju möguleika var Bandaríkjamaðurinn Stephen Beck (f. 1950) og eru tvö verk eftir hann frá árunum 1971–1972 á sýningunni. Meðan Beck var að vinna þessi verk fæddist svo Jeremy Blake (1971–2007) sem átti þátt í því að kynna hugmyndina um sjónræna tónlist fyrir nýrri kynslóð við upphaf tuttugustu og fyrstu aldar, bæði með sýningum á listasöfnum og með samstarÞ sínu við kvikmyndagerðarmenn og popptónlistarmenn. Sjónræn tónlistarverk hans voru valin á Whitney tvíæringinn í New York þrisvar í röð (árin 2000, 2002 og 2004) og höfðu mikil áhrif á vídeólist samtímans. Val verka eftir hann er að Þnna á sýningunni. Einnig má sjá á sýningunni í Hafnarhúsi verðlaunaverk frá fyrstu hátíð sjónrænnar tónlistar á Íslandi, sem var haldin í Hörpu um mánaðamótin janúar-febrúar.

Það leið nokkur tími áður en yngri íslenskir listamenn fóru að vinna á þessu sviði og stafaði það líklega frekar af skorti á aðstöðu en af áhugaleysi. Vídeólist og samþætting myndlistar og tónlistar voru þó kynnt í nýlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslandsseint á áttunda áratugnum og í kjölfarið lögðu nokkrir þessa nýju nálgun fyrir sig í framhaldsnámi og síðan þeiri og þeiri svo nú eru verk af þessu tagi áberandi í íslenskri myndlist. Verk Finnbjörns Finnbjörnssonar (f. 1957), *Innsýn* (1984), er unnið á Þlmu með tónlist eftir Ingemar Fridell en hin tvö verkin eru nýrri af nálinni. Frá Doddu Maggý (f. 1981) kemur verkið *DeCore (aurae)* (2012) sem er hljóðlaust en blómstrar fram eins og tónverk, byggt á fraktal-þatarmálsfræði þar sem hver ný viðbót við litrík formin endurspeglar form heildarinnar. Verk Sigurðar Guðjónssonar myndlistarmanns (f. 1975) og Önnu Þorvalds-dóttur tónskálds (f. 1977), *Trajectories* (2014),



Karl Kvaran (Ísland / Iceland 1924–1989)
Teikning, 1975, blýantur á pappír / Drawing, 1975, pencil on paper
Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Art Museum

er gott dæmi um samruna listgreina í sjónrænni tónlist. Í sameiningu skapa Sigurður og Anna alltumlykjandi heim þar sem hljóð og mynd skapa dreymin og seiðandi heildarhrif. Verkið var pantað af Miðstöð sjónrænnar tónlistar og frumþutt á hátíð sjónrænnar tónlistar í Hörpu.

Loks er í minni sal lítil sýning þar sem hugmyndin um tengsl myndlistar og tónlistar er rakin stuttlega gegnum verk íslenskra myndlistarmanna frá því á þriðja áratug liðinnar aldar og allt til okkar tíma. Í þessum hluta sýningarinnar er ekkert verk sem hreyÞst og aðeins eitt sem gefur frá sér hljóð, eftir Finnboga Pétursson (f. 1959). Þegar Finnur Jónsson (1892–1993) sýndi fyrstur abstraktverk á Íslandi árið 1925 voru viðbrögðin hörð og fáir virtust skilja hina nýja fagurfræði. Þegar Svavar Guðnason (1909–1988) kom heim tuttugu árum síðar með stóra abstraktsýningu hitti hann fyrir nýjar og móttækilegri kynslóðir. Hann og vinir hans hér heima höfðu þó nokkrar áhyggjur af því að fólk kynni illa að nálgast myndir af þessu tagi því að Björn Franzson skrifar í sýningarbækling og ráðleggur áhorfandanum að hann „reyni að horfa á þær, líkt því sem hann væri að hlýða á hljómlist". Þarna, við upphaf samfelldrar sögu abstraktmyndlistar



Viking Eggeling (Svíþjóð / Sweden 1880–1925 Þýskaland / Germany)
Stillur úr kvikmynd / Stills from Þlm Diagonal Symphony, 1921
Með leyÞ / Courtesy of Light Cone, Paris

á Íslandi, var sem sagt komin gamla hugmyndin um myndlist á grundvelli fagurfræði sem svipaði til tónlistar, hreina og óhlutbundna. Það voru svo ekki bara abstraktlistamennirnir sem höfðu tónlist í huga við myndsköpun sína og á sýningunni má t.d. sjá málverk eftir Jóhannes S. Kjarval (1885–1972) þar sem píanóleikari horÞr yÞr öxl sér á hrauni runnið landslag og virðist spila það eins og hann sé að lesa af nótum.

Þegar skilningur á venslum listgreina vaknar má greina hann víða. Hugmyndin um sjónræna tónlist á sér djúpar rætur en eins og vonandi má lesa úr sýningunni reyndist hún óþrjótandi uppspretta nýrrar sköpunar.

***

Sýningin er haldin í samstarÞ við Miðstöð sjónrænnar tónlistar og er opnuð á fyrstu hátíð sjónrænnar tónlistar á Íslandi sem fer fram í Hörpu 30. janúar til 2. febrúar 2014. Verk Sigurðar Guðjónssonar og Önnu Þorvaldsdóttur var pantað sérstaklega fyrir hátíðina af Miðstöð sjónrænnar tónlistar. Friðrik Steinn Kristjánsson styrkir sýninguna og hátíðina með úthlutun úr Listasjóði Silfurbergs (Silfurberg Art Fund).

Silfurberg ehf